

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

16. ISBN 978-9935-409-15-7

Týr

Fenrir

Gleipnir Drómi Læðingur



Göia goði, Óðsmál,
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

tshit/cit चित् týr himingoð, चित् skilningur sem hugurinn öðlast

गर्ज gardja, tala drynjandi röddu गर्ग garga, vitringur, sá sem kennir
lögin, en af því nafni er dregið nafnið Grágás grágæs,

(hamsa हंस er gæs svanur gandur (sbr. hamur hamingja))

Týr og Fenrir

-Heill, göfugi Týr, tákn ins guðlega réttlætis.

-Heil og sæl, fróðleiksfúsa völva.

-Týr, þú réttlætistákn, hvernig gætir þú réttlætis og lögmála tívatúna

(tívatún: sjá 5., 14., og 38. týrétt og friður)

Segðu mér einnig, göfugi Týr, hvað þú ert ekki (!) -- til þess að útloka alls konar misskilning, tilbúning og rökleysur um réttlæti.

mangal मङ्गल er heillamerki
reikistjarnan Mars er mangala og Týr (24.).

Mars Rómverja til forna var hernaðarguð, og rómversk hugsun um hernað lá að baki hugtakinu -- og er, til óheilla, enn við líði sumsstaðar.

Mangala er fyrirboði hamingju velgengni. Góður fyrirboði a-mangala er óheillavænleg, slæmt. mangalya boðar færir hamingju, mangaladevata er verndartýr.

Svo illa hefur einnig farið, auk villandi og afvegaleiðandi orðabókaþýðinga án skilnings, að Týr hefur verið talið vera tyr, sem er skandinavíska yfir naut, og þar með talið vera dýrseðli manns, rétt einsog Sága in sjáandi varð saga. Séríslenzkir stafir breyta miklu um merkingu orða.


Þetta er svar við spurningu þinni um hvað ég er ekki, litla fróðleiksfúsa völva.

Ímynd guða hefur, að auki, litast af aðfluttri/utanaðkomandi menningu sem ekki á heima hér hjá okkur en var troðið uppá okkur með vopnavaldi.



fögur er ætíð Venus/Freyja, tímarúmskvoðan

(αφροσ, Afrodita; फेन फेण phena/pheña, froða)



hluti úr mynd Mars Venus Eros, þá Mars sem hernaðarguð, dökkur mjög og járnri brynjaður, en landvinningar og hernaður eru Rómaveldisins mesta skemmtan.


Í kjölfarið fylgdi áróður um að allt þetta að sunnan væri gott, allt þetta gamla hér norðurfrá væri vonzka og grimmd.

Sumir trúá þessu, því miður, og um er að kenna skilningsleysi, þekkingarskorti. Við skulum snarlega bæta úr því.


(38. ósigrandi.

raashtriiya kavatch राश्ट्रीय कवच konungleg brynja, sem er ekki úr málm, heldur þekkinging á ginnungagapi og þekkingin á hvernig á að vinna útfrá því þessar eru brynjurnar í Valhöllu


)



Samræmi er lausnin þannig vinna vakandi landvættirnar okkar, og við skulum vekja þær innra með okkur dag hvern.



Maharishi-Áhrifin,



Meissner-áhrifin.

©GlobalCountry

Við skulum því útskýra Tý sem tákn réttlætis, guð hinna guðlegu lögmála

tý- í samsetningum sem atí- (अति æðra ofar)



sem lög úr tívatúni, náttúrulögmálin sem ekki eru mannanna lög,

Því oftast eru mannanna lög ekki Tý-rétt.
Eru brotakennd og slæm. Eru ekki heildarþekkingin úr tívatúni.

Lög manna þyrfti að setja af altærum mönnum,
mönnum sem lifa lögmál náttúrunnar í hugsunum sínum og gjörðum.
Þá, og aðeins þá, eru lög manna góð.


Við skulum útskýra
tærleika

dhanú धनु (á íslenzku bogi bugða bugt;
sjónúmerki: sagittarius/bogmaður, Fólkvangur Freyju)



og að mangal er heillaták
og fleira skulum við skilja:
Dróma Læðing Gleipni
Fenri
rétt rangt
vitundarstig
gæði hugsana

og síðast en ekki sízt: að vera ósigrandi, sem er hið eina sjálfsagða!
(Meissner-áhrif, maharishi-áhrif; 38., friður, stjórnaðskrá alheims).



Hyggja skal að hvar menn lifa lífinu:
í efnisheiminum ? -- eða uppruna hans ?

Í þekkingunni um dhanur-ved, sem er in týrétta hernaðarbrella, finnst,
að enginn vandi er að hafa frið.

Þjóðarvitund, heimsvitund, eru hugtök sem menn hafa heyrt.

En menn vita of lítið um vitund.

Jafnvel svokallaðir vísindamenn spyrja einsog asnar:

Vitund? Hvað er það?

Þar eð alheimsvitund er ein vitund, takmarkalaus, óendanleg, eind,
hefur hún áhrif alls staðar,
áhrif samstundis og alls staðar í senn.

Ólíkt því að hugsun ins grugguga manns nær aðeins rétt útfyrir hans
koll í hæsta lagi. (-- sem betur fer)

Ormagöng í tímarúmskvoðu eru þekkt fyrirbæri.

Hver maður getur notað þau.

Til þess er samsviðstæknin TM og iðkun hennar.

Mannleg einstaklingsvitund er þetta svið, tívatún, svinnur,
gapið ginnhelga.

Þess vegna geta einstaklingar haft áhrif á þjóðarvitund,
og þjóðir áhrif á heimsvitund.

Með því að iðka samsviðstæknina, vitundartæknina, TM-sidhi® og
yogaflug,
saman í hópi,
reglulega, daglega,

kyrra menn þjóðarvitund,

-- og allar þjóðir saman kyrra heimsvitund.



yógastsittavrittiniródha mesta kyrrð

chit (tsjitt) er týr; irminsúl með 3 rætur.


Hundruð vísindarannsóknna sanna þetta nú,
en raunar hefur þetta verið vitað mál í þúsundir ára.

Þekkingin hefur aðeins ekki verið í hvers manns kolli síðustu aldir.

Vel er vitað um hve afgerandi áhrif TM-sidhi® og yogaflugið hafa á kyrrð í heimsvitund. Niðurstöður ótal rannsókna sanna það nú.

Af öllu því sem rannsakað hefur verið, gefur aðeins TM-sidhi afgerandi og óbyggjandi sönnun um Meissner-áhrifin og Maharisi-áhrifin á kyrrð þjóðavitundar.

Ótal vísindarannsóknir hafa birt. (um 700 og alltaf bætist við) Ekkert annað er til sem nær þessu marki, niðurstöður á rannsóknum um TM-sidhi eru þær einu.



Auðvelt er mannshuganum að vinna útfrá ginnungagapi.

Þetta er ofureinfalt og fyllilega skiljanlegt. Vísindalegar rannsóknir gefa óbyggjandi niðurstöður.

Stríð eru algjör dæla,
alveg óþörf,
og þarf að losna við fyrir fullt og allt.
Þau eru afleiðing streitu í þjóðavitund.



AP-fréttamynd, úr nýlegu stríði. Menn tapa glórunni.

Streitu í einstaklingum, sem verður streita í þjóðarvitund,
er um að kenna.
Menn hugsa ekki skírt.

Við kyrrum huga einstaklinganna,
þá kyrrist þjóðin,
við kyrrum allar 192 þjóðir heims,

og þá verða ekki stríð.
Þá verður alls staðar samræmi í vitund.

Nú er kalí-yúga að sletta til sporðinum í síðasta sinn,
og sat-yúga að taka við.
Við þurfum að hjálpa sattva í heimi til að sigra Fenri.

Svona einfalt:
Við að kyrrðin, sem TM-vísindin og tæknin iðkuð veldur,
hefur áhrif í þjóðfélaginu,
minnkar streitan í öllum. Kyrrð vitundar tekur yfir.


Þá verða menn skýrari í hugsun.
Fara að hugsa Týréttara.

Hinna góðu áhrifa gætir á öllum sviðum þjóðfélaganna.
Hagvöxtur vex,
velliðan borgaranna eykst,
heilbrigði eykst,
glæpir og ill hegðan hverfa við að heilinn vinnur fullkomlega,
nemum gengur betur í skóla,
ráðamenn taka týréttar ákvarðanir, því gruggur og streita hverfur úr
samfélaginu,

-- en vitað er að ráðamenn geta aðeins það sem þjóðarvitundin leyfir.
Hver þjóð fær þann stjórnanda sem hún á skilinn.

Stríð eru vegna vanþróaðra manna, sem hafa vanþróaða heila.

Samsviðstæknin veldur skýrri rökréttri hugsun,
hún samræmir allar heilabylgjur manns.
Æðsti hæfileiki mannsins blómstrar.



© Global Country

Vísindalegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.
Tækninni er beitt víða, og æ víðar í heiminum.

Markmiðið er heimsfriður og æðri vitundarstig manna á jörðu.

Streitan hverfur.

Iðkun tækninnar hefur áhrifasvið langt útfyrir iðkendurna, einkum ef þeir iðka í hópum, vegna þess að eindin er alls staðar, og alls staðar í senn.

Steitan gufar upp úr taugakerfi iðkendanna, og hefur kyrrðaráhrif á alla þjóðina þeirra.

Mælingar eru gerðar á glæpatíðni, ofbeldi, sveiflum í fjármálaheiminum, líðan fólks í þjóðfélaginu, umferðaslysum, lögregluútköllum, spítala-innlögnum.

<http://www.globalfinancialcapitalny.org/invincibility.html>


Eindin er vitund manna.

Í vitund er milljónmilljónmilljónmilljón sinnum meiri kraftur en í öllum sköpuðum veraldarinnar kröftum.

Auk þess er hér hvorki tími né rúm, svo engir samgönguörðugleikar eru.

<http://www.globalfinancialcapitalny.org/invincibility.html>

© Global Country; Dr. John Hagelin, eðlisfræðingur; radja John Hagelin.



Hvar er ósigranleikinn?

ekki á veraldarsviðinu, því þar er ekki fullkomið samræmi, heldur

í tívatúni, kraftmiklu kyrrðinni, margmilljónsinnum kraftmeiri en agnir og kraftar í hinni sköpuðu veröld.

Nú er engin þörf fyrir hernað, ekki þörf fyrir her nema til að setja hann í TM-sidhi-prógrammið og búa þar með til frið og ósigranleika þjóðarinnar sinnar.

Týr samsvarar Mars og mangala.
Týr er ímynd réttlætis, friðar, reglu, hinna guðlegu laga, lögin tær persónugerð. Týrétt.

atí- अति- er semsagt: sem fer yfir í hið æðra, verður hér tý-.

Tý-rétt, Tý-hraustur,
að upprunalegri merkingu: æðra og guðlegt.

Týr er ímynd réttlætis og laga sem eru í samræmi við stjórnskrá alheimsins, náttúrulögmálin.

Hin guðlegu lög, náttúrulögmálin, eru ekki mannanna lagasetningar. Mannanna lagasetningar hafa alltaf galla, meðan menn sem lögin setja eru ekki uppljómaðir.

Náttúrulögmálin, stjórnskrá alheims (sjá og 38.) eru alls staða í veröld, þau finnast í hinu smæsta, og allt til endimarka veraldar, til eilíðarinnar.

Við þurfum ekki að gera neitt annað en skilja þau, og lífga samsvið allra náttúrulögmála. Til þess er TM-sidhi prógrammið. Við iðkun TM-sidhis vekjum við gárur á vitund, kennum huga okkar að vinna út frá tærri vitund.



Um leið er þetta þróun, við þróumst hratt með því að sóast iðla. og gjörðir verða tý-réttar og í samræmi við þróun.

Hvaða þróun?

Maðurinn er að fæðast til að þróast. Hann er ekki að fæðast til að auka kyn sitt og vinna!

Við þróum þekkinguna. Hún á heima í hinu smæsta, allt til endimarka.

Þetta er þekkingin mikla á uppruna alls.



Þróun mannkyns,
þróun einstaklinga,
tilgangur sköpunarverksins.

Í stjórnaðskrá alheims er öll þekkingin, öll gildi, allir eiginleikar.
Ekkert annað er.
Ekkert er utan hennar. Allt er hér.
Það, sem ekki er í flæði með lögmálum náttúrunnar, er ómstrítt og eyðist.

Við getum lifað samkvæmt stjórnaðskrá alheims.

Mannlegt vitund er hún. Hún er í manningum.

Slíkt líf hentar öllum einstaklingum og öllum þjóðfélögum.

Vitund er ekki eitthvað sem við tökum upp og staðfærum, o nei.
Stjórnaðskrá alheims, náttúruleg málin, eru alls staðar,
alltaf til staðar,
í hverri ögn og í eilífðinni.
Frá eilífð til minnstu agnar. Alumvefjandi.
Ekkert í veröld er utan lögmála náttúrunnar.

Allir eiginleikar í hverju einu,
hvert eitt allir eiginleikar.

Þetta er in ævafora þekking,
sem ætíð blífur,
ætið hefur varðveitt,
getur aldrei glatast, því hún er sannleikurinn.

Ekkert er betra en þekkingin mikla til að vígja sig tæran,
og þekkinging næst með því að sóast í ginnungagap,
þá mun smám saman, með iðkun og iðni, með tíð og tíma, markmiðið
nást.

Bhagavadgíta IV 38:
na hi dñjanena satrìsham pavitrãmiha vidjate
tatsvayam yógasamsiddhih kaalenaatmani vindati

न हि ज्ञानेन सदृशं पवित्रमिह विद्यत तत्स्वयं योगसंसिद्धः कालेनात्मनि विन्दति

Sannlega er ekkert hér í heimi sem vígir manninn auðveldlega til tærleika annað en þekkingin mikla (ginnungagap, vitund). Sá sem fullkomnar sig í alvöru-yóga (sem næst með TM-tækninni) mun brátt finna þekkinguna tæra innan sjálfs sín.

Menn læra að sjá hvað er þekkingin tær,
hvað er hins vegar hið skapaða, veraldlega, sem einnig er hún.




Þróun: úr sambandsleysi í tærleika.

Varið ykkur á öllum þykjustu-valkyrjunum sem víða eru í boði, leiða ekki til samadhi, heldur eru áreynsla, einbeiting, hugsun, geta jafnvel hlaðið inn enn meiri streitu, hvíla heilann ekki, gera ekki gagn við streitulos.

Öll hvíld er góð, en ekki leiðir allt í samadhi.

Menn sjá nú hve hagnýt vísindi forfeðranna eru.
Það fylgir friður þeim sem þekkinguna miklu hafa.

Þeir menn heyja frið.



Hver vill ekki geta unnið útfrá sviði allra möguleika?
Þar sem friðurinn er?

Það er enginn vandi,
tæknin er fyrir hendi hér og nú, og ósvinnan á undanhaldi í heiminum.

Heiðnir menn höfðu ekkert við hernaðarguðið Mars að gera.
En á inum myrku öldum þegar hernaðarguð í höndum Rómverja var notað um of í árásir, dráp, landvinninga, hafði slíkt áhrif á hugi margra.

Menn vita að Týr er Mars, mangala,
en vita ekki að Rómverjar dýrðka hernað, ekki frið, þótt þeir tali um frið.
(friður á jörðu þegar við erum búnir að leggja alla undir okkar heimsveldi)


Menn létu draga sig og sínar hugsanir oní svaðið.
Sumum fannst þetta töff.

Eigin gruggi í eigin taugakerfi þeirra var um að kenna,
skortur á tækni til að sóast,
auk heiftarlegrar innprentunar sem var í gangi á myrkum öldum
og fyrirfinnst enn.

Fenrir óx um of, fóðraður af ósvinnum mönnum.

Hernaður er villimennska.
Að ala upp drengi til að drepa, og/eða verða drepnir, í nafni
ættjarðarástar og föðurlandsskyldu, er ógeð.
Stríð eru óþörf.
Hver þjóð getur verið ósigrandi.
Fiðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, heimsfriður.

Heimsyferráðaráðbrugg er lágkúruleg löngun manna á lágum
vitundarstigum, manna enn með dýrseðlið í sér. (11.)
Manna með vanþróaða „götotta“ heila.




slæm heilavirkni, virkni-„göt“ í heilanum, gruggur, streita,
rásir stíflaðar af ama.



tær heili, rásir altærar:
allar rásir (elvur, álfar) þurfa að vera opnar og tærar, shrota suddhí,

líkaminn streitulaus,
þá virkar heilinn fullkomlega



gæði hugsana fara eftir vitundarstigi.



Þegar maður er altær og uppljómaður getur hann borið nafnið maður!
Ekki fyrr.

Snjöll en litilmannleg og lágkúrleg strategía (hernarðarlist) er að nota Guð í heimsyferráðaáætlunina. Viðurkennast verður að að rómversk hernarðarlist er ekki aum. En hún er hryllileg.



tívar tefla í túni.



Guð sem tæki.


Nú er það svo að Guð Guðvelda er notaður í heilu kerfin, og notkunin eins margþætt og mennirnir eru margir, því það er eðli manna að ráðskast með hugtök að sínum hætti en láta ekki móta sig í kerfi sem einhver annar maður býr til og vill þröngva þeim inni. Svo leiðis skoðana-uppátroðsla er oft stríðsvaldur, því hinn á að láta undan ella skal hann hafa verra af, vera útskúfaður, bannfærður, jafnvel þægilegast að hann verði drepinn, og það þá hernar-Guði þóknanlegt þegar verst lætur.

-Hvað veldur vonzku mannanna?

-Rassakasta-Gunni, rajó-gúna, fer úr böndunum.



Radja-Gunni, radjó-gúna, ástriða,



gruggugur maður tapar glórunni

þegar hann fær skki það sem hann vill.

Reiðin blindar manninn.

Hinn óuppljómaði lifir eingöngu í efnisheiminum; gjörðir flækja hann.



sammóha flæktur -- og svo frjáls úr viðjum efnisheimsins

Og ætíð er veraldleg gleði hverful og endar í sorg þegar maður missir.

Allt í veröld tvíveðrungur.

Allt sem kemur fer.

Breytileiki er ið eina vissa í veröld.

Engir tveir heiðnir menn eru endilega sammála um eitt eða neitt, og er það ið bezta mál.

Þeir eru illrækir í hópi og söfnuðum, og finnst slíkt henta sauðum einum.

Dhanur ved er tækni til að vera ósigrandi og eignast engan óvin.

Dhanu धनु bogi (sama orð og bogi bugða bogið á íslenzku; 29.)

Nú er það svo að sagittarius, bogmaður, dhanu, ið 9. í dýrahring, er Fólkvangur Freyju, sem á við örlög okkar, gæfu, trúarbrögð, réttlætiskennnd, andleg verðmæti, heimspeki, æðstu menntun, það að öðlast nauðsynjar á auðveldan hátt, gnægtir, og einnig föðurhlutverkið í heimi hér.

En víst er að friður er nauðsyn í heimi hér. Hann skulum við gjöra.

*-Er það þá hægt?
Jafnvel jafn auðvelt og að draga andann?*

-Já. Það er einfalt með dhanur-ved:
<http://www.globalfinancialcapitalny.org/invincibility.html>

Þekkingin er um hvernig enginn óvinur fæðist.

Jákvætt samræmi veldur því að neikvætt ósamræmi (árás óvinnar) eyðist, neikvæðni svo sem stríð og innrás, hverfur.

Tilgangur með dhanur-veda er að tryggja að friður ríki. (38.)

Sé friður innan hvers einasta einstaklings,
verður friður í þjóðfélaginu,
og sé friður í öllum þjóðfélögum
er heimsfriður.

Aðeins þarf lítinn hluta manna, lítinn hluta hvernar þjóðar, til að valda þessari breytingu frá ókyrrð og óvissu yfir í kyrrð og fullkomna reglu í hugum manna.

Þannig skapar maður skjöld,
og þessum skildi getum við treyst til að verja alla þjóðina gegn öllum hugsanlegum árásum.

Á vísindaöld notum við vísindin,
ekki villimennsku stríðsreksturs.

Áhrif samsviðstækninnar, stundaðrar reglulega af hópi manna, mælist vísindalega svo ekki verður um villzt.
Lítið hlutfall hvernar þjóðar nægir.

Fyrir okkur Íslendinga, rúmlega 300.000 manns, nægja nokkrir tugir manna sem stunda reglulega TM-sídhí prógrammið og yógaflugið, kvölds og morgna, allir saman, daglega.

Jörðinni er skipt í 12 lengdarbaugasvæði,
og öll lönd á hverju svæði eru á sama tíma í prógrammi.
Svo snýst jörðin, og alltaf eru einhverjir í prógramminu sínu,
allan hringinn, allan sólarhringinn.


Þannig lífgast stöðugt gárur á heimsvitund.
Hver hópur tekur við að öðrum,
prógramm er kvölds og morgna hjá hverjum og einum hópi
(/þjóðum sömu „prógram-zónu“).

Vitund er vökul kyrrð,
er á hreyfingu,
er eind,
sem maðurinn hefur aðgang að því við erum hún.

Mannleg vitund er þessi vitund, svo hæg eru heimatökin.

Meissner-áhrifin og Maharishi-áhrifin eru það sem gerist.
Meissners 3. lögmál varmaalfsfræðanna um að innra samræmi veldur
þessum skildi sem ekkert fær smogið í gegnum (mynd hér frá
Heimsfriðarríkinu; ©GlobalCountry
international centre for invincible defence
sjá: [hagelin_invincible_defnece_complete.wmv](#)

Meissner Effect Meissner áhrifin
dæmi um ósigranleika í skammtafræði ofurleiðara.
**An Example of Invincibility in the
Quantum Physics of Superconductivity**



**Venjulegur ósamræmdur leiðari (vinstra megin) -- „ORDINARY CONDUCTOR“
samræmdur leiðari (hægra megin), „SUPERCONDUCTOR“ ofurleiðari.**

Venjulegur rafmagnsleiðari, ósamræmdur, rafeindir ósamræmdar, hleypir utanaðkomandi rafsegulsviði í gegn.

Ofurleiðari (hægra megin):

Í ofurleiðaranum útiloka samræmdar rafeindir samstundis að utanaðkomandi rafsegulsvið komist í gegn, og heldur þessum hæfileika sínum, að ekki er hægt að komast í gegn.

Við skulum bera þetta saman við landvættirnar okkar þegar þær stugguðu brott óvinum með samræmdri vitund.

Þær voru ósigrandi.

Þær eru ósigrandi þegar þær eru vakandi hjá okkur.

Og nú verðum við á vekja þær á ný, því vakandi gera þær landið ósigrandi.

Ósigrandi, a-shatrú अशत्रु, enginn óvinur fæðist, enginn óvinur til.

Vísindi Heimsfriðarríkisins, Global Country og World Peace.

Hér eru heims tærustu vísindi.

Við heyjum frið með æðstu vísindum úr vedum komnum.

Niðurstöður mörghundruð rannsókna og tilrauna í áratugi liggja fyrir, svo óyggjandi telst og vísindalega sannað.

-Hvað er „vísindalega sannað“?

-Vísindalega sannað er það sem hægt er að framkvæma hvenær sem er með ákveðnu vituðu ferli, áhrifin ætíð þau sömu.

Stjórnarskrá alheims, hefur nú á tímum verið vakin.

Hin vakandi, stöðugt víkkandi og gleikkandi sköpun, þarf tengingu við upprunann.

Mennirnir gera þetta einir lífvera á jörðu.

Þeir hafa mannlegt taugakerfi og geta lifað uppruna sinn. Uppruna alls.

Tæknin er fyrir hendi nú: samsviðstæknin TM.

Þessa vegna segjum við að maðurinn beri ábyrgð á öllu lífi á jörðu.

Með tengingu við upprunann nærum við lífið.

Mannleg vitund lifgar, með ástundun samsviðsækninnar TM og sidhís®, gárur á alheimsvitund.

Þannig verða hugsanir og ákvarðanir Týréttar.

Hin mikla kyrrð þúrúsha fær nú að stjórna.

Þekkingin er í vitund,
vitund er svinnur,
þekking er því svinnur.
Þekkingin verður til í vitund. Þangað leitum við hennar.

Þekking, að þekkjast vorn forna sið, að þekkjast vorn forna sið, er
skilningur á sviði hugsana.

Þekkingin mikla er innan vitundar. Við erum vitund. Allt hið skapaða er
úr henni og allt er í henni.
Vitund er hið eina óumbreytanlega og eilífa.

Veröldin okkar er hið sýnilega, hverfula, og hylur sjónum hið sanna.
Þekking á báðum sviðum (skapaðs og óskapaðs) er 200% þekking.

Heimsfriðarríkið (Global Country of World Peace) er heimsríki, einsog
nafnið bendir jú til.

Það gegnir foreldrahlutverki fyrir allar þjóðir.

Hér höfum við ný vísindi -- æðstu vísindi heims --
þau eru grunnurinn undir öllum vísindum:

nútímavísindi + vedavísindi = 200%
fyrirbærarannsóknir + rannsókn innan vitundar = 200%

Hér er einföld tækni, og taugakerfið verður tærara og tærara, (31.)
sem auðveldar allt nám og skilning (37.),

Stjórnarskrá alheims er snurðulaus (38.)
og vinnur ætíð og aðeins í átt framþróunar.

Lögmál náttúrunnar eru ætíð fullkomin.
Enginn getur storkað þeim né heldur efast um þau, né heldur haft betur.

Enginn skyli gera neitt sem stríðir gegn náttúrulögmálunum.
Slíkt kann eigi góðri lukku að stýra.

Menn geta skilið lögmál náttúrunnar, því þau eru fullkomin regla,
vinna ætíð týrétt.

Allt er áreynzlulaust og sjálfkrafa.
Allt gott og rétt gerist sjálfkrafa.

Menn ættu ekki að andæfa, ekki að reyna að synda móti straumnum, því Þundarflæðið flytur þá sjálfkara í þróunarátt.

Maharishi, inn heims mesti eðlisfræðingur og kennari, segir til skýringar: Allt hið góða í náttúrunni gerist sjálfkrafa.

Sólin rís, næturmyrkrið hörvar, og mennirnir þurfa ekkert að gera til þess að láta sólina rísa.

Dagrenning er náttúrulegt fyrirbæri.

Þá hverfur náttmyrkrið eðlilega, ekki satt?

Nú er það svo að menn skilja ekki hvert smáatriði í veröld, en menn geta lært að lifa í flæði með náttúrulögmálunum.

Gæði lífs þeirra verða meiri við það -- sjálfkrafa, rétt einsog sólarupprás.

Menn geta ekki, hverstu greindir sem þeir annars kunna að vera, búið til náttúrulögmálin.

Menn geta ekki ráðskazt með þau.

Með hverri mannlegri hugsun í samræmi við lögmál náttúrunnar, með öllum gjörðum sínum í Þundarflæði (28.), með þekkingu í samræmi við lögmálin náttúrunnar, getur maðurinn lifað jafn fyrirhafnarlaust og sólarupprásin er á jörðunni okkar.

Þeir sem vilja betri heim nota vísindalega tæknina til að vekja gárur á vitund:

TM-sídhí prógram.

Við ættum að lifa í flæði með náttúrulögmálunum og tengjast uppruna alls iðla.

Nú brátt munu koma tímar allsnægta, jákvæðni, kyrrðar.

Hvert ríki verður ósigrandi og engir óvinir fæðast.

a-shatru अशत्रु enginn óvinur fyrirfinnst. Andskotalaus.

Grem eigi goð er kristins manns hugsun, því hann hefur heyrt um að Guð hegni og Guð reiðist, Guð gefi og taki, og ruglar honum saman við goðin,

en það sem maðurinn meinti var rétt hugsað:

Lif í sátt við guðin sem forseta náttúrulögmálanna, stríð ei gegn lögmálum náttúrunnar.

Slíkt kann ei góðri lukku að stýra.

Guðin reiðast ekki.

Þau eru forsetar ins fullkomna skipulags, stjórnaðskrá alheims.

Allt er snurðulaust og alfullkomið í náttúrunni.

Maðurinn getur hins vegar komið snurðu á þráðinn með heimskulegri hegðan sem ekki er mönnum samandi.



Þá fitnar Fenrir,
og móðir náttúra (36.) sem hefur að vísu þanþol, springur.

Úr verða náttúruhamfarir og stríð, sem eru -- nota bene -- af sömu rót
runnin: streitu í mönnum.

Ef menn fita Fenri springur náttúran fyrr eða síðar,
sem hamfarir og stríð.

Hverju reiðast goðin þegar hraun brennur er kristins manns hugsun, en
hann meinar:

Móðir náttúra (36.) getur sprungið þegar þanþoli hennar er ofboðið.

Við ættum ekki að gera rangt.

Rangar ákvarðanir hefna sín. (33., Urður Verðandi Skuld.)

(Sjá og Þundu, lif í sátt, 28.)

Guðveldi eru notuð í heimsyferráðatilgangi.

Alls konar kerfi, sem ekki virða mismunandi skoðanir og sköpunarkraft
hvers og eins, eru ekki skyld heiðni.

Sumir kristnir íslenskir menn segja að kristin hugsun sé samtvinnuð og
samofin menningunni okkar, og þess vegna er stundum erfitt að átta sig
á

-> hvað er menningin okkar,

-> menningin okkar tær,

og hvað er svo þessi utanaðkomandi samtvinningur og -vafningur sem
þeir kalla svo.

-Vegsamaði Týr. Þú er einnig ímynd rökhyggju, skipulags og stjórnunar, jafnt og æðstu guðlegra laga.

Eru rökleysa, lygi og svik illar mannanna gjörðir, sem stríða gegn náttúrulögmálunum?

-Rétt er það, mín kæra.

Hvers kyns óheilindi setja snurðu á þráðinn og gera mönnum lífið leitt og erfitt.

Rökfimi er sídýpkandi hugsun í samhljómi við náttúrulögmálin.

Rökræður ættu ætíð að leiða til skýrari hugsunar, til æðsta markmiðs, sem er Þundarflæði í sköpunarverkinu og uppruna þess, ginnungagapi.

Rökræður eru til að skilja inn dýpsta sannleika æ betur, æ betur.

Annað er tímasóun, og sóun á inum æðsta eiginleika mannsins: skilningnum.

Mesti og bezti eiginleiki mannshugans er skilningur.

Förum ekki illa með þann dýrmæta þátt í mannlegri tilveru.

Þroskuð siðferðiskennd,
æðsti tilgangur,
týrétt lög
ginnhelgur skilningur.

Orsakasamhengi og orsakarökleiðsla er eins konar samtenging.

Ekki er það heimspekingi samandi að rövla um fánýt heimsfyrirbæri og vera með hártoganir um eitthvert eitt hugtak.

Þjóðvitnir leggur orð í belg:

-Efinn? Er hann til? spurði efasemdarmaðurinn.

-Flott hjá honum.

Enda verið að gera grín að hringavitleysu rökleysunnar sem bítur í bonnið á sér.

-Tilgangur heimspeki og rökhusunar er að finna sjálfan sig sem alheimsvitund.

Ekki ætti að fletja þetta fag út í veraldlega þynnku og flatneskju, svo sem flöt væri jörðin og menn tilbúnir til að drepa þann sem ekki gúðerar það, Heimspeki má ekki verða þælingar um lítilsigld hugtök og orðaleiki. Heimspekingar nútímans ættu að dýpka sig í vitund. Annað svíkur tilganginn.

shaarngadhar, orsakarökleiðsla.
Þar eð shaarngadhar er vedabókmenntir
(er ein af 36 vedabókmenntum, er nr. 27)
er þessi eiginleiki einnig í mannslíkamanum.

shringa शृङ्गा íslenzka horn er skylt shringa (29.).

Hugtakið fjallar um heilbrigðari einbeitingu, um viðbragðsflýti, um að hugsa skýrt og hratt og rétt.
Shringa er um horn sem drykkjarilát, sem hljóðfæri, og ýmislegt fleira, sem æðsta topp fullkonnunar, og allt mögulegt annað gott og háfleygt.

-Svo það er bara bezta mál að setja horn á Gerði á Gerðaleikum!! (8., 9.)

-Týrétt er einnig heiðarlegt, málefnalegt, vel áttað vitsmunalega séð, Týr stendur fyrir hið réttláta og fagra í hugsun manns. Þess vegna er hann einnig hreysti og sjálfsöryggi, því sannur maður er ætíð hraustur og öruggur.

Hvað eina sem er frávik frá alheimsflæði, Þundarkrafti, lögmálun náttúrunnar, telst rökleysa.

Ekki er skynsamlegt, né heldur réttlætanlegt, að hugsa eða aðhafast neitt sem stríðir gegn þróunarkraftinum fimbulsterka sem úr tívatúni kemur.

Hugsun og gjörð sem stríða gegn náttúrulögmálunum eru órökréttar, og leiða til vandamála, sársauka, þjáningar.

Varast ber að telja lög ósvinnra manna til náttúrulögmála,

og varast ber að telja lögmál sem búin eru til af mönnum til týréttra náttúrulögmálanna.

Öll mannanna verk endurspegla gæði vitundar þeirra.

Hinn tæri uppljómaði maður getur talað út frá tærri vitund og útskýrt.
-- En það er undir hælinn lagt hvort hinir skilja!!

Margir tala einsog sá sem valdið og vitið hefur, en slíku gæti verið varasamt að fylgja, jafnvel þótt það sé kallað lög eða lögmál.

Eina ráðið er að verða altær og grugglaus maður sjálfur.

Þá sést hvað er rétt og hvað er rangt.

Rökhyggja er, og tilgangur rökhyggju er, að hugsanir nálgist hið snurðulausa kraftmikla svið, nálgist svið náttúrulögmálanna, tívatún.

Möo. uppruna sinn.

Órökrétt er það sem stríðir gegn því sem er skynsamlegt. Órökréttar eru ákvarðanir sem eyðileggja eða trufla hið mikla flæði þróunarinnar.

Að stríða gegn náttúrulögmálunum veldur vandamálum, sársauka, þjáningu.

Vánargandur (/Fenrisúlfr) slefar af væntingum um feitan bita. Það á við um menn sem svífast einskis fyrir eiginhagsmuni, og stríða gegn náttúrulögmálunum og framþróun til þess að mata sinn krók.

Takið ei meira nævra en þörf krefur.

Þegar Fenrir vex mjök, vegna illrar hegðunar manna, er þanþoli móður náttúru ofboðið.



Gleipnir er úr hinu fingerðasta náttúrulega.



Móðir náttúra hefur mikið þanþol, en að lokum springur hún (36.).
Þá eru stríð og náttúruhamfarir.
Stríð og náttúruhamfarir eru afleiðing Fenris vaxins um of meðal
mannanna.

Gjörðir manna stjórna vexti Fenris.

Lögmálin hafa sinn tilgang, ætíð í þróunarátt.
Hugsanir og gjörðir sem það styðja eru, samkvæmt rökhugsun, réttar.

Þær eru það eina sem kallast getur rökrétt hugsun og réttar gjörðir.

Þær koma Gleipni á Fenrisúlfi,
sem er þær festar sem ekki slitna meðan askur stendur.

*-Ísland átti fagra fortíð, Týr, þar sem við áttum enga óvinaþjóð og vorum
ekki í stríði við neina þjóð.*

*Við fengum ekki að vera meðal stofnþjóða Sameinuðu þjóðanna þar eð við
neituðum að lýsa yfir að við ættum tilteknar nafngreindar óvinaþjóðir, en
líklega var skilyrði fyrir inngöngu að yfirlýsa Þjóðverja og Japaní
óvinaþjóðir. Við sáum að Sameinaðar þjóðir voru nokkrar þjóðir að
sameinast gegn öðrum þjóðum og vildum ekki vera með í slíku. Það var
yndislegt.*

En

*því miður kom herská kona nefnd gælunafninu Mad. úr vestri og fékk
ríkisstjórn Íslands til að fara í stríð gegn öðrum þjóðum í fyrsta skipti í sögu
okkar.*


Ég grét, margir grétu, og gráta enn.

-Heimsfriður er ekki nein útópía (/það er er ímyndun, ekki til sem staður;
ú-topos, úr grísku, er „ekki staður“, ímyndaður hugmyndastaður
sem ekki er til á jörðu né himni, og aldrei mun finnast.)

Heimsfriður er ekki einhver fjarlæg von og trú á huglægu sviði eða á tilfinningaríku óskasviði.
Ekki fjálglegar hátíðarræður, ekki vopnahléssamningar, ekki samþykktir.

Friður er ekki heldur einhver fjarlægjar framtíðarinnar hugsanleg þekking,
heldur harðvísindalegar staðreyndir hér og nú, komnar í notkun víða um heim.

Radja John Hagelin skammtaeðlisfræðingur er snillingur í að útskýra þetta á skiljanlegu máli fyrir lærðum sem leikum þótt um dýpstu svið eðlisfræði sé að ræða.
Allt verður svo einfalt og skiljanlegt þegar maður hlustar á hann útskýra.



© Global Country

Hvar er friður?
Ekki í skapaða heiminum,
aðeins í samsviði allra náttúrulögmálanna, vitund.

TM-tæknin og -vísindin er eitt, ekki tvennt,
eitt og hið sama.

Tæknin er til að stunda vísindarannsóknir innan vitundar.

Þetta er ofur einfalt,
og jafn áhrifaríkt og svið náttúrulögmálanna, því þar eru rannsóknirnar.

TM er tækni sem vekur svið lögmála náttúrunnar innan manns vitundar.
Gerir samsviðið nærtækt og lifandi í okkur.

TM-sidhi® prógrammið og yógaflugíð,

sem tekur svona 30-60 mínútur tvisvar á dag,
æfir hugann í að vinna út frá ginnungagapi,
og lífgar gárur á ginnungagapi.

Fjöldi iðkenda saman veldur veldisvísishækkandi áhrifum:

einn sem einn,
2 sem 4,
3 sem 9, -- osfrv.,

og fyrir heila þjóð þarf hóp sem er 1% fólksfjöldans saman í TM,

raunar aðeins kvaðrótina af þessu eina prósentu fólksfjöldans í TM-sidhi
og flugi saman reglulega.

Dæmi:

Íslendingar eru, segjum, 325.000 talsins,
1% af okkur er þá. 3250,
og séu 3250 saman í TM reglulega hér,
veldur það mælanlegum áhrifum á hegðun allrar þjóðarinnar,
þjóðarsálina,

og einnig -- þar með -- á týréttar ákvarðanir ráðamanna.

Sé svo kvaðrót dregin af 3250, kemur út að tæpl.60 siddha þarf fyrir
Ísland,

til þess að gera Ísland ósigrandi,

innað við 60 manns þarf sem iðkar TM-sidhi og yogaflog saman í hópi
reglulega,

að morgni hvers dags, og síðla hvers dags,
til þess að maharishi-áhrifin mælist, og Meissner-áhrifin náist.

Dr.John Hagelin, skammtaeðlisfræðingur, ráðherra tækni- og
vísindamála GCWP, forseti GlobalCountry-rikisstjórnarinnar í
Bandaríkjunum, radja Bandaríkjanna, sameinar vísindamenn heims til
að virkja vitund innan mannsins með huglægu tækninni, TM.

---Global Union of Scientists--- www.GUSP.org
www.permanentpeace.org dr.John Hagelin

Æðstu vitundarvísindi.

Mannleg meðvitund opnast fyrir reynzlu af grundvallarsviðinu, sem er
eind allra náttúrulögmálanna.

Vísindamenn taka nú við örlögum þjóða sinna.
Framtíðin heimins er nú björt,
hún er í höndum vísindamannanna sem æðstu þekkingu eiga.

Öryggi þjóðanna er komið í höfn.
Stjórnámálamenn verða nú leikbrúður vísindanna, og niðurrífandi
ákvarðanir, svo sem stríð og heimsyfirráð hinna vanhæfu stjórnenda, eru
úr sögunni.

Þegar ofurkraftur kyrrðarinn ræður ríkjum,
þrífast ekki árásarhneigð og illdeilur.

*-Er ekki svo, mikli Týr, að sumir telja hér enn eina patentlausnina komna,
halda að einhverjir séu að reyna að dæla út peningum skattborgara í sitt
gæluverkefni sem kannski er svo aðeins ein vísindavitleysan enn?*

-Heimssamtök vísindamanna til friðar eru stofnuð til að veita öllum
vísindamönnum aðgang að sannreyndri aðferð við að stilla varanlega til
friðar.

Samtökin eru alþjóðleg, eru ekki á vegum ríkisstjórna landanna heldur
hugmyndin aðeins frá Heimsfriðarríki eðlisfræðingsins maharishis
komin.

Beztu vísindamenn heims standa að samtökunum, þeir sem vita að
maðurinn hefur þessi vísindi á valdi sínu, hæfileikann til að valda friði,
koma á öryggi allra þjóða á þennan vísindalega hátt:

Við erum vitund.
Við heyjum frið.

Bezt er að allir læri tæknina og vísindin.
Þá er enginn að gaspra um það sem hann skilur ekki.

Menn flaska of á, að lýsing hins uppljómaða á hvernig er að lifa á æðri
vitundarstigum, virkar ekki sem leiðin fyrir hinn sem er enn á lágum
vitundarstigum.

Ekki gerir gagn að maður standi uppi á fjallstindi og hrópi: sjáið! ég er
hér! fagurt útsýni!
Sá sem er við rætur fjallsins þarf á að halda leiðarvísi um hvernig best er
að klífa.

Lýsing á fjallstindinum og útsýninu vekja að vísu áhuga og löngun.

Sá sem fær áhuga, þarf leiðbeiningar um hvar hann ætti að taka sitt næsta skref, miðað við þann punkt sem hann er á, til þess að ná tindinum.

Annars verður útsýnið ímyndun ein,
ósk um takmark sem tækni vantar til að ná.
Hann situr enn á þúfu í dalnum og hugsar um það sem hann langar.

Tæknina TM þarf að læra til að ná nirvana á fljótlegan hátt dag hvern tvisvar á dag.

Ótal Búddhasiðarmenn nota TM-tæknina til að ná nirvana á nóinu.



Quotations from the Buddhist scriptures

“He who has tasted the sweetness of solitude and tranquility is free from fear and free from sin, while he tastes the sweetness of drinking in the law.”

– Lord Buddha, Dhammapada, XV. 205

“It is only when all outward appearances are gone that there is left that one principle of life which exists independently of all external phenomena.”

– Parinirvana Sutra, XXXIX

Afleiðingin af iðkun tækninnar, af því iðla að ná nirvana, er réttar gjörðir, réttar ákvarðanir, framþróun á auðveldan hátt.

Athugið: uppljómun er afleiðing og markmið fórnarinnar.

Hugsun og athafnir manna í veröld leiða ekki til uppljómunar, þótt gott sé að lifa í fegurð.

Ég endurtek: það er gott mál að temja sér ákveðna góða hegðun þótt hún ein leiði ekki til hærra vitundarstigs, en týrétt hegðun kemur af sjálfu sér við að verða einherji í Valhöllu.

Við getum gjarnan tamið okkur ýmislegt:
getum verið sönn, róleg, ekki reið, ekki árásargjörn, kærleiksrík, lifað
einföldu lífi í efnisheiminum, hegðað okkur vel, verið jákvæð, haft
sjálfsstjórn, að vera ekki hrokafull, tamið okkur hlýju og samúð, haft
stjórn á skilingarvitunum okkar.

(4. skræða um skilningarvitanna veröld - bezta skræðan!)

*-Segðu mér Týr, göfugi guð, hvað er fórn.
Og hvað er afbökun á þessu hugtaki, þar sem menn drepa dýr, deyða líf,
og kalla fórn til einhvers Guð síns þegar svokölluð musteri flóa í blóði
sláturdýra.*

-Nú eru skoðanir jafn margar og mennirnir -- sem betur fer og því miður,
því ekki hentar neitt eitt öllum,
en því miður eru sumir á lágum vitundarstigum ennþá.

Hver maður skilur útfrá sínu stigi vitundar (11., Rígur),
svo, því miður, eru enn margir sem misskilja og afbaka.

Hver eina fórnin sem er í þróunarátt er góð.

Að fórna lífi vegna eiginhagsmuna og eigingirni er ekki góð fórn.
Slíkt er argasta synd.

Að framkvæma slíkt með einhvern Guð að blóraböggli er enn verra.
Maðurinn blindar viljandi siðferðiskennd sína, og þykist ekki sjá mun á
réttu og röngu vegna bókstafs sem er vitað um tilurðina á,
sem vitað er um tilganginn með.

Allar gjörðir eru bindandi fyrir ótæran mann
nema hvað
Valkyrja er eina gjörðin sem ekki bindur. (25.)

Sá sem sóast, fórnar einstaklingsvitund í inn mikla svinn, styður þróun.
Meiðmar (36.).
Hann öðlast galdra góða og læknishendur meðan lifir.

Fórnin er ekki eitthvað sem maður á, sem manni hefur verið gefið,
heldur er maður sjálfur fórnin,
ekki öðruvísi en svo að Óðinn fórnast í Óðin,
einstaklingsvitund fórnast í alheimsvitund
vitund fórnast í vitund

við erum ginnungagap.

vaha वह vagn, sem flytur fórnina.

Það er mannslíkaminn sem flytur fórnina.

Fórn er að færa til veizlunnar eitthvert góðgæti.

Hér er það einstaklings vitund þess manns sem gerist Haftsæninir.



Sleipnir er heimfús á leið í ginnungagap,
og jafnheimfús er við föllum aftur þaðan úti veraldar hugsanir.

Menn búa til þjóðfélagsreglur.

Til eru alls konar þjóðfélagsreglur sem enginn man lengur hvernig til komu.

Kannski dettur einhverjum í hug að breyta þeim, en getur ekki eða þorir ekki vegna þess hve ríkar þær eru í þjóðfélaginu.

Sumt af þessu fargani er orðið ríkisrekið.

Enginn gengur í að hreinsa til.

spássiukrot:

*Þingmenn gætu glatað atkvæðum á svoleiðis tiltekt og
hreingerningu og eru því ekkert að standa í því.*

*.....Búið að vera hér svo lengi að það er komið til að vera, hugsa
sumir,
og hver nennir að hrísta upp í því?*

*Verst hvað sumt skoðanabákn kostar mikið fé, hugsa etv sumir
þingmenn,
en í lagi (róa þeir samvitzku sína með) því hinn vinnandi skattborgari
þungar út með fúlgur í þá hit
og „ég” (svæfir hann sig með) er ekki mikið að þæla í í hvað
skatturinn fer,
(sem betur fer fyrir Alþingi, því illa fer þegar svo fer:)
Þá þarf að fara að breyta lögum, og hver nennir því, einkum ef
atkvæði tapast á tiltektinni.*

Öll manna lög hafa galla,
en
þegar stjórnendur þjóðar eru uppljómaðir menn, þá fyrst er von á góðri
og Týréttri stjórn.
Von á lögum í samræmi við náttúrunnar lögmál.

Þegar þjóðarvitund hækkar,
hreinsast sjálfkrafa til í öllum ósómanum sem hlaðizt hefur upp og gerir
menn -- að óþörfu -- að vinnuþrælum.
Það kostar vinnu og skatta að halda við úreltu bákni.

Öll þjóðin þarf að þekkja þekkinguna miklu,
því, eins og við vitum, er það þjóðarvitundin sem stjórnar stjórn mála-
mönnum.

Þjóð á háu vitundarstigi öðlast Týrétta stjórn.
Stjórnendur geta ekki annað en það sem þjóðarvitundin leyfir.

Við verðum að byrja á að hækka þjóðarvitundina.
Hækka vitundarstig einstaklinganna sem mynda þjóðina.
Það er ofurauðvelt.



Allt manna brölt er á yfirráðasvæði Gunnanna þriggja, trí-gúna.
Verður yfirþyrmandi
njóti menn ekki næringar úr eindinni miklu
en hún er:
fullkomin regla
óendanlegir sköpunarmöguleikar
ó dauðleiki
nærandi
og gerir manninn tæran
ætið í þróunarátt
hið eina sem borið getur nafnið frelsi
sjálfri sér næg,

vísar aðeins til sjálfrar sín
einfaldleiki
fullkomið jafnvægi
óendanlegur kraftur og orka (tún, tívatún, δυναμς)
fullkomið skipulag
sæla Sólargyðjunnar
sameinar allt.

Segja má að þekking manna, sú sem staðizt hefur tímans tönn í þúsundir ára, hafi sannað að hún er sannleikur.

púraa पुरा púraaṅa पुराण fornt

पुरंजन púraṅjana sem enn er lifandi, hefur sál, lifir.


Sumt hefur breyttzt svo ið upprunalega er falið í afbökunum og síðaritíma viðbótum og tilbúningi.

Skammkatlarnir eru margir og gefa mörg þröngsýniráðin.

Vekja ætti góða siði í sinni upprunalegu mynd, og hreinsa af afvegleiðingu inna myrku alda.



Nú koma tímar tærleikans.
Sat-yúga gengur í garð.

Ekkert er nýtt undir sólinni,
en skilningur manna er misjafn, djúpur eða grunnur.



Því veldur mismunandi vitundarstig.

(11., Rígur)





Hverjir eru menn, hverjir eru ekki menn?

Konungar þurfa að hafa ína æðstu þekkingu til að geta stjórnað landi sínu og þjóð.

Vitundarstig konungsins gerir gæfumuninn fyrir þjóðina.

Barn þjóðans þarf að nema ína æðstu þekkingu, vera þagalt og hugalt til að geta tekið við af föður sínum.

Hin æðsta þekking næst aðeins með beinni tengingu við upprunann, grundvallarraunveruna.

Til þess er tæknin TM, til þess eru vísindin, og tæknin og vísindin eru eitt og hið sama.

Í gapinu mikla er þekkingin, hver og einn rannsakar þetta sjálfur af sjálfum sér.

Þessi tækni og vísindi samsviðsins er mikils virði fórn. Sóizt því iðla, lærðir og leikir, til að nema upp fimbulrúnir og ausa þeim yfir í lífið á jörðu.

Orð hinna uppljómuðu skiljast þegar samsviðstæknin er iðkuð og menn verða tærir. (31.)

Þá skiljum við
að æsir þóttu goðumlíkir og að fylgði þeim friður hvar sem þeir fóru um lönd.

Þá skiljum við að friður er innan mannanna.

Nú vitum við að samsviðstæknin er notuð um allan heim.

Menn þurfa ekki lengur að rembast við að lifa eftir lýsingu á fjallstoppnum.

Hraðferðin er fyrir hendi hér og nú.

En munið:

vitundarstig þjóðar ræður för.

Uppljómaðir einstaklingar gera stjórnendum kleift að taka réttar ákvarðanir.

Vitundarþroskamenntun (37.) er fyrir alla menn

-- allt frá blautu barnsbeini.
Þjóðir verða ósigrandi.

Ef þjóð er á lágu vitundarstigi geta stjórnendur ekki tekið týréttar ákvaðanir.
Lágt vitundarstig þjóðar er ástæðan fyrir að kosningaloforð eru ekki efnd.
Menn hafa hugmyndir, eru kosnir til valda, en vitundarstig þjóðarinnar stjórnar þeim.
Þetta ætti hver maður að skilja.

Hér endurtek ég og ítreka nokkuð sem ekki allir skilja til hlítar:
Við verðum að skilja að vitundarstig þjóðar í heild veldur ákvörðunum ráðamanna. Góðum eða slæmum.
Þjóð á lágu vitundarstigi eignast léleg lög,
þjóð á háu vitundarstigi eignast góð lög.
Ráðamenn geta ekki gert betur en vitundarstig þjóðar þeirra leyfir.
Ástæðan fyrir að kosningaloforð eru svikin er að þjóðarsálin leyfir ekki nema það sem vitundarstig hennar segir til um.
Við hvern er að sakast?

Má vera að sumir hafi heyrt þessu fleygt,
en vita ættu menn að enginn vandi er að kippa þessu í lag á mettíma.

Það er enginn vandi að hækka vitundarstig heillar þjóðar.
Til þess er tæknin og vísindin, TM.
Allt er fyrir hendi.
Nú er aðeins að koma því notkun.
Beita tækninni og vísindinum, nú á sannri tækni- og vísindaöld.

Menn hljóta að sjá hve hagnýt vedavisindin eru í daglegu lífi hvers manns.
Spara tíma, spara vinnu, spara til muna aðrar rannsóknir, þær á veraldarfyrirbærunum mýmörgu. Gefa svör við öllum spurningum.

Menningin okkar forna er úr þessum vísindum komin.

Hin sanna fórn er að sóast,
sóa einstaklingsvitund í alheimsvitund um hríð.
Són sú gefur fimbulrúnir og hæfileikann til að gjöra rétt en eigi órétt.

Maður ræður yfir gjörðum sínum en ekki ávöxtunum af þeim.
Því er bezt að gera alltaf rétt, eigi órétt, vera tær, Týtær, til að taka réttar ákvarðanir -- eðlilega eftir beztu hugsanlegri getu.

gahanaa karmano gati गहना कर्मनो गति: segir í Bhagavat-gítu.

Vegir gjörða eru það flóknir að við teljum þá órannsakanlega mönnunum. (33., UrðurVerðandiSkuld, karma.)

En vegir guðanna og ginnungagaps eru fyllilega rannsakanlegir með eðlisfræði.

Innan vitundar hvers manns barns með samsviðstækninni TM.

Vísindalega séð er allt rannsakanlegt.

Öll fyrirbæri.

Jafnt í hinni sköpuðu efnistilveru, sem og í hinni ósköpuðu raunveru.

Til þess þarf aðeins samsviðstæknina og -vísindin.

Guð er fullkomlega rannsakanlegt og vegir þess.

Veröldin er flókin í rannsókn því veraldarfyrirbærin eru óteljandi, Gungnir um Gungni þveran -- til að æra óstöðugan.

Gunnarnir þrír að hræra í öllu,
menn og dýr að taka ákvarðanir og framkvæma,
föst í vítahringnum hans Þjóðvitnis (4.),
ekkert nema tvíveðrungur og andstæður í þokkabót.

Uppruni veraldar er einfaldur í rannsókn því við erum vitund.

Hún er eind.

Og lögmál náttúrunnar eru regla, fullkomin regla, fullkomlega skiljanleg og Týrétt. Ætíð í þróunarátt.

Og alltaf er viðhaldið jafnvægi milli sköpunar og eyðingar.

Í vitund býr öll þekking.

Við erum hún.

Gjörðaflækjan er hins vegar svo flókin, ljúfan, að aðeins Urði Verðandi Skuldu (33.) er fært að halda utanum allan þakkann.

Þær eru náttúrulögmálið um gjörð og mótgjörð að jöfnu.

Menn setja hugsun, verknað, gjörð, Gungni, af stað,
sem þar með lendir í flækjunni,
og maðurinn getur ekki náð utanum hvaða hnjaski hún lendir í.

Svo eru menn gáttaðir á sinni Skuldu þegar hún kemur óvænt og óþekkjanleg til baka eftir dúk og disk,

og við skiljum ekkert í hvað kom fyrir okkar Urði sem þótti svo fin þegar hún var framkvæmd.

Við getum stjórnað verknaði okkar en getum ekki stjórnað ávöxtunum sem hann ber.

Því skyli maður aðeins gæta gjörða sinna en ekki eyða þúðri í að hafa áhrif á áhrif hennar, ávextina svokölluðu, eða sitja í ofvæni og bíða þeirra.



Gjör rétt,
náttúran heldur upp því sem rétt er. Ekki því sem rangt er.

Ef einhver vill endilega segja við hverja ósk og bæn: eigi sem ég vil heldur sem þú vilt, þá, til að þetta skemmi ekki góðan ásetning manns og geri hann óábyrgan og viljalausan, hugsið þetta sem svo:
Hugsun mín er svo týrétt að Þund mun flytja hana fyrir mig.

Sjálfur leið þú sjálfan þig.
Sjálfur gæt þess að óskir, hugsanir, orð, framkvæmdir, sé allt alltaf
Týrétt.

Gætið þess að óskir og athafnir séu í Þundarflæði (28.).
Að deyða líf er synd (6., Syn).
Slíkt stríðir gegn þróun,
gegn náttúrulögmálunum sem eru ætíð í þróunarátt.

Þróun er tilgangurinn með öllum leiknum.



Allir möguleikar eru innan samsviðsins,
innan hins mikla óskapaða svinns.
Það svið tilverunnar er uppruni alls, möguleikar alls,
er alls staðar að finna,
er raunar innan okkar sjálfra, við erum í því, og við erum það.

Við erum þetta svið tilverunnar. Við erum gangandi ginnungagap.
Hver einasta fruma er að langmestu leyti ginnungagap, + efnisagnir,

hver einasta hugsun er úr ginnungagapi en verður mannleg við að við
hugsum hana.
Kemur týrétt úr djúpinu þegar maður er tær,
og upp á yfirborðið.

Við göngum um á jörðu í fina kroppnum okkar sem við bjuggum okkur
til.
Jörðin okkar er einnig ginnungagap + efnisagnir.

Vili er fórn og sköpun.
Ef við viljum fórna skulum sleppa öllum okkar göllum og verða heilir og
sælir. Það er góð fórn.
Innan ins mikla óskapaða svinns, uppruna alls, búa allir möguleikar.

Við erum þetta svið.
Mannleg vitund er þetta svið.
Við finnum það innan okkar.
Við erum í ginnungagapi.
Við erum það.
Það er heild.
Með rannsókn innan vitundar skilst allt.
Tæknin og vísindin eru fyrir hendi, handa hverjum lifandi manni,
svo hæg eru heimatökin.

Hví er heill og sæll okkar bezta ávarp er við hittum vin?
Vegna þess að við erum þessi heild og viljum ekki vera minni en hún.
Viljum ekki vera brotakennd.

Við eigum sælu Sólar (17.) og viljum ætíð finna hana.

Við ættum að leita fólksvalausrar ástar gyðjanna.

*-Við þurfum að halda kroppnum okkar tærum og hreinum til að geta
þróast?
(31., tært taugakerfi.)*

-Gruggur og streita í taugakerfinu veldur því að hugurinn vinnur ekki fullkomlega.

(37., vitundarþroskamenntun.)

Skilningur manna fer eftir tærleika þeirra hvers og eins.

Hinn uppljómaði maður skilur dýptina í goðsögnum.
Aðrir skilja svona hitt og þetta úr þeim. Sennilega engir tveir eins.

Goðsagnirnar skiljast af hverjum og einum á því vitundarstigi sem hann (viðkomandi) er.

Ótal fleti má finna í menningararfinum, því hann er lagskiptur,
- þ.e.
að skilningur hvers manns ræðst af vitundarstigi hans og vitundarþroska.

Sigmund Freud notaði goðsagnir til að varpa ljósi á sálarlíf, t.d. söguna um Tý og Fenri, svo endalaust marga fleti má finna á goðsögnum.

En auðskilin er öllum grundvallarþekkingin einfölduð:

Allt líf er þróun í eðli sínu.
Það sem styður þróun er Týrétt.
Það sem stríðir gegn þróun truflar hið mikla þundarflæði.
Það er órétt.

Gjörðir sem fá ekki næringu úr uppruna hugsana eru ekki sjálfkrafa Týréttar.

Því skyli hver maður sóast, fórna einstaklingsvitund í hinn mikla svinn, iðla og reglulega.

Ákvarðanir og yfirveganir, ígrundun og agi á sviði gjörða, eru máttlausar hugsanir, hafi þær ekki næringu þundarflæðis beint í æð.
Ósvinns manns hugsanir eru á sviði Gunnanna,
á sviði vitundarstiga þriggja: vöku, draumsvefns, djúpsvefns.
(17., 30., vitundarstigin 7.)


-Til dæmis Drómi og Læðingur?

Fenrir

-Já.

Drómi dhrúva ध्रुव Læðingur pramadaalasya प्रमादालस्य
sem eru máttlausar tilraunir á sviði hugsana, á veraldlegu sviði.
Máttlausar þótt ætlunin sé góð.
Aðeins krafts og klór í bakkann.

Bhagavad gítu XIV 8 pramadaalasyanídraa (-nídra sofna dotta
niðurdreginn)



Rangt er grunnlaust og stuðningslaust svo sem ónýtir Drómi og
Læðingur, sem eru hálfkák og leti. Halda ekki.



Alls konar yfirlýsingar um frið, sem til eru í þúsundtali í sögunni og í
nú tímanum, hafa aldrei skapað frið.


Við vitum það öll.

www.gusp.org global union of scientists

www.permanentpeace.org dr. John Hagelin

Það þarf að skapa frið í hverjum einstaklingi á jörðu,
þá verður friður á jörðu.

Einstaklingarnir eru eindin mikla, og hún er friður.



Rétt er verk með guðlega gerðum Gleipni sem heldur hinu illa,
gerðum úr hinu fingerðasta í náttúrunni sem tærir menn skilja,
rétt er hvert verk sem er í flæði með Þundu (28.), í flæði með dharma,
í samhljómi við náttúrulögmálin.

Hin guðlegu lög eru Týrétt.
Við skulum hampa sem Týhreysti að halda Fenrisúlfi í skefjum.
Móðir náttúra kætist þá.



Vánargandur (Fenrisúlfi) slefar af væntingum um feitan bita.


Það á við um menn sem svífast einskis fyrir eiginhagsmuni,
og stríða gegn náttúrulögmálunum og framþróun til þess að mata sinn
krók.

Tak ei meira nævra en þörf krefur.

Þegar Fenrir vex mjök, vegna illrar hegðunar manna, er þanþoli móður
náttúru ofboðið. (36.)

Móðir náttúra hefur mikið þanþol, en að lokum springur hún (36.).
Þá eru stríð og náttúruhamfarir.
Stríð og náttúruhamfarir eru afleiðing Fenris vaxins um of meðal
mannanna.

Gjörðir manna stjórna vexti Fenris.
Menn stjórna gjörðum sínum.
Gjörðir óuppljómaðra manna eru án grunns, aðeins á Gunnanna sviði.



og geta valdið miklum skaða.
Menn mega ekki gleyma að þeir eru ginnungagap



og geta unnið þaðan

Af Fenrisúlfi ofvöxnum verða náttúruhamfarir og styrjaldir,
sem hvorar tveggja eru af sama toga: Mannanna ósvinnu.
Maðurinn ber ábyrgð.

Kemur svo á endanum avataar, samsviðið persónugert, og kippir öllu í lag aftur.

Fitum ekki Fenri.
Setjum hann í megrun.
Gleipnir er það eina sem heldur honum, og Gleipnir er úr náttúrunni.
Náttúran er í höndum manna.
Menn stjórna náttúrunni.

Menn verði nú og ætíð á háu vitundarstigi svo stjórn þeirra verði góð og öllu og öllum til góðs.

Sem betur fer á Fenrir engin afkvæmi svo vitað sé.
Helgi Hálfðánarson segir í Maddömunni að í Jánrviði bæti hún á eldinn, fódri logana, á líkingamálinu fæði fenris kindir, gefi elds afkvæmum fóður.
Skoplegur misskilningur misvittra fræðinganna.



ISBN 978-9935-409-15-7

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति राखम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म

sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality“-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap“. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamir þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rötlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs.

Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynslulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumlifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goprun dimmblá Guðrún Kristín Magnúsdóttir